

STJÓRNARTÍÐINDI B 44 — 1983

13. október 1983

1289

Nr. 718

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. reglugerð nr. 540 10. september 1982, reglugerð nr. 66 28. febrúar 1983, reglugerð nr. 69 1. mars 1983 og reglugerð nr. 497 1. júlí 1983 um breyting á henni.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 1. gr. reglugerðarinnar: 92.12.19 og 92.12.29.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. október 1983.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

10. október 1983

Nr. 719

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagsuppdrætti Varmahlíðar í Skagafirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 10. október 1983 staðfest aðalskipulagsuppdrátt af Varmahlíð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Seyluhrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 10. október 1983.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.